

Þingsályktun

um fullgildingu samnings um allsherjarbann
við tilraunum með kjarnavopn.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn sem samþykktur var í New York 10. september 1996.

Samþykkt á Alþingi 13. maí 2000.

